

Umsagnaraðilar	Umsagnir	Viðbrögð Landsnets
1. Umhverfis og mannvirkjasvið	<p>Umhverfis- og mannvirkjaráð fjallaði um erindið á fundi sínum 23. apríl 2024.</p> <p>Eftirfarandi var bókað í fundargerð undir lið 5. Blöndulína 3 - umsögn UMSA:</p> <p>Um er að ræða gríðarlega mikla hagsmuni Akureyrarbæjar, enda ljóst að umrædd lína þrengir að því landlitla sveitarfélagi sem Akureyrarbær er, getur hindrað vöxt þess og er líkleg til að rýra gæði þeirrar byggðar sem fyrir er. Í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem um ræðir er nauðsynlegt að óháður erlendur aðili leggi mat á álit Landsnets að ekki sé hægt að leggja Blöndulína 3 í jörðu innan þéttbýlis Akureyrarbæjar. Ekki ætti að halda áfram með málið fyrr en sú ótvíræða niðurstaða liggur fyrir. Ef niðurstaðan verður sú að aðrar leiðir eru ekki færar, er nauðsynlegt að samið verði um að línan fari í jörðu eins fljótt og kostur er, án þess að Akureyrarbær beri umræddan kostnað og að sá samningur liggji fyrir áður en gerðar verði breytingar á skipulagi sveitarfélagsins. Þá vekur umhverfis- og mannvirkjaráð athygli á því að umrædd loftlína myndi rýra græna trefilinn umtalsvert.</p>	<p>Benda má á að Skagafjörður fékk óháðan aðila til að gera mat á mögulegum strenglengdum í Blöndulínu 3:</p> <p>https://www.skagafjordur.is/static/files/Skipulagsmal/2023/greinargerð-skagafjordur.pdf</p>
2. Rarik	<p>RARIK hefur mótekið erindi yðar dags. 18.4.2024 og hefur farið yfir tillöguna. RARIK gerir ekki athugasemdir, en bendir á að núverandi 11kV loftlína RARIK á svæðinu, sem þarf að standa áfram</p>	<p>Ekki þörf á viðbrögðum</p>
3. Norðurorka	<p>Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda tillögu. Athugasemdir Norðurorku hf. við aðalskipulagið: Varðar allar okkar núverandi og framtíðar lagnir/strengi á svæðinu. Landsnet þarf að gera grein fyrir því hvernig þeir ætli að sjá til þess að hægt verði að þvera þessar lagnir. Ætlar umsýjarnamaður</p>	<p>Landsnet leggur til að gott samráð verði haft við Norðurorku á hönnunarstigi verkefnisins.</p>

	<p>helgunarsvæðis að standa straum af aukakostnaði vegna framkvæmda innan helgunarsvæðis? Hvernig verður hægt að taka út og vinna við straumleysi? Ekki verður viðunað sama fyrirkomulag eins og varðandi RA2. Norðurorka þarf aðgengi að öllum sínum núverandi lögnum/strengjum til viðhalds sem getur komið upp með litlum fyrirvara. Norðurorka óskar eftir frekara samtali varðandi málið. Norðurorka vísar einnig í svar sem sent var 12.08.2023: Samhliða þverunum á lögnum dreifikerfis rafveitu skal ábyrgðaraðili lagna leggja ídráttarör út fyrir 120m helgunarsvæði, þess utan skal vera til staðar eitt rör við hverja þverun til aukningar. Framkvæmdir skulu fara fram í samráði við Norðurorku og aðra hlutaðeigandi, 110mm ídráttarrör skal ná út fyrir skilgreint helgunarsvæði Landsnets. Umsækjandi skal afla sér upplýsinga með lagnir Norðurorku í bæjarlandinu. Umsækjandi skal tilkynna framkvæmdir í tíma með það að markmiði að tryggja bæði rekstrar- og persónuöryggi. Breytingar og aðrar viðbætur sem falli til vegna þverana/helgunarsvæðis í bæjarlandinu út líftíma lagna dreifikerfis rafveitu greiðast af rekstraraðila helgunarsvæðis óháð því hvort umsækjandi gerir ráð fyrir N-1 tengingu eða ekki.</p>	
<p>4. Hörgársveit</p>	<p>Góðan dag. Sveitarstjórn Hörgársveitar fjallaði um erindi þitt á fundi sínum 8. maí 2024. Eftirfarandi er bókun úr fundargerð: d) Í lið 6, breyting á Aðalskipulagi Akureyrarbæjar vegna Blöndulínu 3 – umsagnarbeiðni (2404003) Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti á fundi sínum 20. febrúar sl. að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Blöndulínu 3 og að hún yrði kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er til komin vegna áforma Landsnets um framkvæmd við Blöndulínu 3, 220 kv háspennulínu frá Blöndustöð að Rangárvöllum á Akureyri. Óskað er umsagnar Hörgársveitar um skipulagslýsinguna og</p>	

	<p>var umsagnarfrestur til 25. apríl sl. Sveitarstjórn bendir á að í Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 er kveðið á um að nýjar rafmagnslínur í sveitarfélaginu skuli lagðar í jörð og að ákvæði í skipulagslýsingu um að Blöndulína 3 verði annað hvort loftlína eða jarðstrengur samræmist því ekki fyllilega aðalskipulagi aðlægs sveitarfélags. Sveitarstjórn samþykkti að fela skipulagsfulltrúa að koma umsögn í samræmi við ofangreint á framfæri. Þetta tilkynnist hér með.</p>	
<p>5. Minjastofnun</p>	<p>Í skipulagsgátt er nú til kynningar skipulagslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 vegna Blöndulínu 3. Hægt var að hlaða niður skipulagslýsingu dagsettri 08.02.2024. Landsnet hefur óskað eftir því að gerð verði breyting á aðalskipulagi Akureyrar vegna Blöndulínu 3 en um er að ræða svæði ofan byggðar frá Rangárvöllum að sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit. Eftir að umhverfismati lauk var gerð breyting á línuleiðinni innan sveitarfélagamarka Akureyrar eftir samráð við landeigendur og línan færð á kafla lengra til suðurs og fjær byggð. Unnin var fornleifaskráning fyrir Blöndulínu 3, sjá Eva Kristín Dal 2008 Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Blöndulínu milli Blöndustöðvar og Akureyrar Fornleifastofnun Íslands FS401-08141 Reykjavík Í skipulagslýsingunni er ekki tekin afstaða til þess hvort Blöndulína 3 innan Akureyrar verði loftlína eða jarðstrengur að hluta eða öllu leyti. Erfitt er að meta áhrif færslunnar á fornleifar á þessu stigi málsins. Miklu máli skiptir hvort hún verður lögð í loftlínu eða jarðstreng varðandi áhrif hennar á fornleifar. Tillaga að aðalskipulagi þarf að koma inn til umsagnar hjá Minjastofnunun og þá verður lagt mat á stöðu skráningar og hvort tilfærslan á línunni kallar á uppfærslu á fornleifaskráningu</p>	<p>Ekki þörf á viðbrögðum</p>
<p>6. Sigurbjörn Arngrímsson</p>	<p>Landsnet gerir ráð fyrir að nota loftlínu í nýrri Blöndulínu 3 alla leið að tengivirki við Rangárvelli. Samkvæmt tillögum LN verður línun í allt að 300 - 350 metra frá næstu íbúðarhúsum.</p>	<p>Í raforkulögum er m.a. fjallað um hlutverk okkar hjá Landsneti við uppbyggingu flutningskerfisins og er þar vísað til stefnu stjórnvalda um uppbyggingu kerfisins.</p>

	<p>Péttbýli við Akureyri er skilgreint í aðalskipulagi í samræmi við 2. grein skipulagslaga. Sú málsmeðferð hefur verið staðfest með hæstaréttardómi.</p> <p>Loftlínan mun því liggja innan skilgreinds péttbýlis á um þriggja km kafla.</p> <p>Stefna stjórnvalda um lagningu raflína var mörkuð með tveimur þingsályktunum Alþingis, nr. 11/144, 2015 og nr. 26/148, 2018. Sú seinni vísar til þeirrar fyrri vegna ákvæða um nýtingu jarðstrengja, m.a. við péttbýli.</p> <p>Í umfjöllun og niðurstöðum kemur fram greinilegur vilji ráðherra og Alþingis, til þess að hagsmuna péttbýlis sé gætt við nauðsynlega uppbyggingu meginflutningskerfis, enda er líftími slíkra loftlína í kringum 80 ár. Núgildandi aðalskipulag Akureyrar gildir til 2030.</p> <p>Skýringar og greinargerð iðnaðarráðherra[REÁ] frá 2015 varpar dýpra ljósi á ákvæði um péttbýli í samþykkttri þingsályktun. Þar segir m.a.:</p> <p>a) ”Reglan um hámarkskostnaðarmun gildir þó ekki þegar um er að ræða skilgreint péttbýli,…” b) ”Lengd loftlína mun því minnka og verða þær því minna sýnilegar í íslenskri náttúru, auk þess sem þær verða að mestu fjarri friðlýstum svæðum og munu ekki liggja inn í péttbýlisstaði”</p> <p>c) ”Ein af megináherslum þeirrar stefnu sem hér er lögð fram er að setja raflínur í jörðu þar sem það er fjárhagslega hagkvæmast og í péttbýli…”</p> <p>Alþingi fjallaði aftur um raflínustefnu árið 2018. Í skýringum ráðherra og niðurstöðum [ÞKRG] kemur fram óbreytt stefna vegna raflína innan skilgreindra péttbýlismarka, sbr.;</p> <p>“ Mat á áhrifum. Eins og rakið er í greinargerð með tillögu til þingsályktunar nr. 11/144 [frá 2014] mun sú stefna um uppbyggingu flutningskerfis raforku sem er sett fram í þingsályktunartillögu þessari leiða til þess að hlutfall jarðstrengja í flutningskerfi raforku muni aukast jafnt og þétt á</p>	<p>Þar kemur fram að í meginflutningskerfinu, sem Blöndulína 3 tilheyrir, sé meginreglan sú að notast skuli við loftlínur nema í nokkrum undantekningartilvikum eigi að meta hvort æskilegra sé að leggja jarðstrengi að því gefnu að það sé tæknilega mögulegt.</p> <p>Miða ber við gildandi stefnu stjórnvalda eins og hún er á hverjum tíma, þ.e.a.s. eins og hún er lögð fram og samþykkt á Alþingi. Í dag er í gildi þingsályktun nr. 11/144 frá 2015 þar sem í kafla 1.3 kemur fram:</p> <p>Í meginflutningskerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra, m.a. út frá tæknilegum atriðum eða umhverfis- eða öryggissjónarmiðum. Með tilliti til umhverfis- og öryggissjónarmiða skal meta í hverju tilviki fyrir sig hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línuleið, eða afmörkuðum köflum hennar, á grundvelli eftirfarandi viðmiða sem réttlæta þá að dýrari kostur sé valinn:</p> <p>1. Ef línuleið er innan skilgreinds péttbýlis, sbr. skilgreiningu á péttbýli í 2. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.</p> <p>Hluti af tæknilegum forsendum þess að hægt sé að leggja raflínur sem jarðstrengi eru rekstrarlegir þættir. Þetta gildir bæði í venjulegum rekstri sem og í truflanatilvikum. Við mat á því hvort tæknilega sé unnt að leggja raflínur í jörð verður að huga að nokkrum þáttum en þar er kerfisstyrkur á viðkomandi svæði og spennustig fyrirhugaðrar strenglagnar aðalatriðið.</p>
--	--	---

	<p>næstu árum. Lengd loftlína mun því minnka og verða þær því minna sýnilegar í íslenskrí náttúru, auk þess sem þær verða að mestu fjarri friðlýstum svæðum og munu ekki liggja inn í þéttbýlisstaði.”</p> <p>Í álit Skipulagsstofnunar vegna Blöndulínu 3, dags. 9. des. 2022 segir á bls. 49: “Þá telur Skipulagsstofnun ljóst að jarðstrengur skv. valkosti C1/2j6 innan þéttbýlismarka Akureyrar myndi staðbundið hafa mun minni áhrif á ásjón og síður takmarka möguleika bæjarfélagsins á að skipuleggja íbúðarbyggð á og við áhrifasvæði línunnar.”</p> <p>Þess skal getið að Akureyri er eina þéttbýlið á leið 132 kV byggðalínuhring frá Sigöldu til Hvalfjarðar. Sömuleiðis er Akureyri eina þéttbýlið á leið nýrrar 220 kV tengingar frá Fljótsdalsvirkjun og til Hvalfjarðar.</p> <p>Sérstaða Akureyrarbæjar er því ótvíræð og markast mjög af landþrengslum. Þekkt er að Alþingi horfði til framangreindra hagsmuna við mótun raflínustefnu, enda voru þeir kynntir fyrir þáverandi atvinnuveganefnd . Skilgreint þéttbýli Akureyrarbæjar fellur því að þéttbýlisákvæði í stefnu stjórnvalda, eins og staðfest hefur verið í fyrri kerfisáætlun vegna Hólasandslínu 3. Þar var jarðstrengur talinn hafa “verulega jákvæð áhrif á samræmi við stefnu stjórnvalda um lagningu raflína,” enda “innan þéttbýlismarka þar sem kostnaðarviðmið eiga ekki við.”</p> <p>Ljóst er að tveggja km jarðstrengur norður frá Rangárvöllum býður fjölbreyttari möguleika til þróunar þéttbýlis, í skipulagi nýrra íbúðahverfa, athafna og útivistarsvæða. Miklu munar á rýmisþörf 220 kV loftlínu annars vegar og jarðstrengs hins vegar. Horfa þarf til áratuga með þá hagsmuni í huga, eins og fram hefur komið frá fulltrúum Akureyrarbæjar í endurteknum samtölum við Landsnet.</p>	<p>Svigrúmið til jarðstrengslagna við Rangárvelli er mjög takmarkað þar sem kerfisstyrkur er tiltölulega lágur og við höfum nú þegar lagt um 10 km langan 220 kV jarðstreng í Hólasandslínu 3 og annan 10 km langan streng í Kröflulínu 1. Þessir strengir hafa valdið víðtækum áskorunum í rekstri flutningskerfisins á Norðurlandi og gert það að verkum að við erum á mörkum þess að geta tryggt gæði rafmagns með þeim hætti sem okkur ber að gera m.a. samkvæmt raforkulögum. Rekstraröryggi flutningskerfisins er afar mikilvægt og við þurfum að geta rekið kerfið við ýmsar aðstæður án þess að það komi niður á gæðum rafmagnsins og afhendingaröryggi.</p> <p>Eins og staðan er í dag er því ekki svigrúm fyrir frekari 220 kV jarðstrengslagnir í Eyjafirðinum en með frekari styrkingu raforkukerfisins, s.s. með tengingum milli landssvæða og nýjum virkjunum, mun svigrúmið að öllum líkindum aukast. Því er nú gert ráð fyrir Blöndulínu 3 sem loftlínu alla leið milli Blöndustöðvar og Rangárvalla, en þó er gert ráð fyrir að loftlína næst Rangárvöllum sé tímabundin lausn og eigum við í góðu samtali við Akureyrarbæ um að þegar búið er að styrkja kerfið og íbúabyggð hefur þróast í átt að línun sé mögulegt að setja hana í jörðu næst Akureyri. Ákvörðun um frekari jarðstrengslagnir verður þó aldrei tekin nema að undangenginni ítarlegri greiningu á tæknilegu svigrúmi.</p>
7. Skipulagsstofnun	Akureyrarbær hefur, með erindi dags. 3. apríl 2024, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 8. febrúar	Ekki þörf á viðbrögðum

	<p>2024, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er lega Blöndulínu 3 á um 2,3 km löngum kafla innan Akureyrar, frá sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit að Rangárvöllum. Gert er ráð fyrir að iðnaðarsvæði I16 fyrir tengivirki raforku verði fellt út og skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði SL7. Auk þess er gert ráð fyrir að Rangárvallalína 1 og Dalvíkurlína 1 muni víkja á skipulagstímabilinu. Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3, dags. 9. desember 2022 og ákvörðun um matsskyldu varðandi breytingar á Blöndulínu 3, dags. 29. nóvember 2023. Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar en bendir á eftirfarandi atriði til skoðunar fyrir mótun tillögu: Umhverfismat Skipulagsstofnun bendir á að þótt umhverfismatsferli vegna framkvæmdar Blöndulínu sé lokið þá þarf að gera grein fyrir umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar sbr. 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og gr. 3.4. í skipulagsreglugerð. Hægt er að samnýta upplýsingar úr umhverfismatsferli við aðalskipulagsbreytinguna. Skipulagsferlið og samráð við almenning og hagsmunaaðila Skipulagsstofnunar minnir á að mikilvægt er að hafa samráð við almenning og aðra hagsmunaaðila (landeigendur) við mótun skipulagstillögunnar í gegnum allt skipulagsferlið. Í skipulagstillögunni þarf að gera grein fyrir hvernig kynningum og samráði við almenning og aðra hagsmunaaðila var háttað í skipulagsferlinu. Stafrænt aðalskipulag Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna. Annað Að lokum bendir Skipulagsstofnun á að hægt er að skilgreina legu Blöndulínu 3</p>	
--	---	--

	og helgunarsvæði hennar á uppdrætti og setja viðeigandi skipulagsákvæði í greinargerð án þess að fella þurfi út hluta skógræktar- og landgræðslusvæðis SL7 samhliða.	
8. Vegagerðin	Vegagerðin hefur farið yfir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018- 2030 – vegna Blöndulínu 3 skv. tölvupósti dags. 3.4.2024. Breytingin mun ekki hafa áhrif á þjóðvegi eða umferð um þá. Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.	Ekki þörf á viðbrögðum
9. Íbúar Giljahverfis:	1. Farið er á svig við stefnu stjórnvalda um lagningu jarðstrengja innan þéttbýlismarka. 2014-2015 var mótuð stefna stjórnvalda um lagningu raflína, samþykkt á Alþingi 28.maí 2015 (https://www.althingi.is/altext/144/s/1355.html) . Þar er skýrt tekið fram að ákvæði um umframkostnað vegna jarðstrengs eigi ekki við þegar um sé að ræða línulagnir í þéttbýli, sjá grein 1.3. í fyrrgreindu skjali. Í athugasemdum ráðherra með frumvarpinu er eftirfarandi sérstaklega tekið fram í lið 5: „Ein af megináherslum þeirrar stefnu sem hér er lögð fram er að setja raflínur í jörðu þar sem það er fjárhagslega hagkvæmast og í þéttbýli og á svæðum sem friðlýst eru vegna sérstaks landslags.“ Árið 2018 var gerð önnur þingsályktun um uppbyggingu flutningskerfis raforku (https://www.althingi.is/altext/148/s/1244.html) þar er í greinargerð ráðherra áréttuð fyrri stefna varðandi raflínur í þéttbýli: „Eins og rakið er í greinargerð með tillögu til þingsályktunar nr. 11/144 mun sú stefna um uppbyggingu flutningskerfis raforku sem er sett fram í þingsályktunartillögu þessari leiða til þess að hlutfall jarðstrengja í flutningskerfi raforku muni aukast jafnt og þétt á næstu árum. Lengd loftlína mun því minnka og verða þær því minna sýnilegar í íslenskri náttúru, auk þess sem þær verða að mestu fjarri friðlýstum svæðum og munu ekki liggja inn í þéttbýlisstaði.“ Í umsögn Akureyrarbæjar um þingsályktunina frá 2014 segir m.a.: „...telur að þar þurfi að skerpa verulega á ákvæðum í tillögunni	<p>Í raforkulögum er m.a. fjallað um hlutverk okkar hjá Landsneti við uppbyggingu flutningskerfisins og er þar vísað til stefnu stjórnvalda um uppbyggingu kerfisins. Þar kemur fram að í meginflutningskerfinu, sem Blöndulína 3 tilheyrir, sé meginreglan sú að notast skuli við loftlínur nema í nokkrum undantekningartilvikum eigi að meta hvort æskilegra sé að leggja jarðstrengi að því gefnu að það sé tæknilega mögulegt.</p> <p>Miða ber við gildandi stefnu stjórnvalda eins og hún er á hverjum tíma, þ.e.a.s. eins og hún er lögð fram og samþykkt á Alþingi. Í dag er í gildi þingsályktun nr. 11/144 frá 2015 þar sem í kafla 1.3 kemur fram:</p> <p>Í meginflutningskerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra, m.a. út frá tæknilegum atriðum eða umhverfis- eða öryggissjónarmiðum. Með tilliti til umhverfis- og öryggissjónarmiða skal meta í hverju tilviki fyrir sig hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línuleið, eða afmörkuðum köflum hennar, á grundvelli eftirfarandi viðmiða sem réttlæta þá að dýrari kostur sé valinn:</p> <p>1. Ef línuleið er innan skilgreinds þéttbýlis, sbr.</p>


	<p>og leggur til fortakslaust ákvæði þess efnis að ekki verði lagðar loftlínur í og við þéttbýli...“ og „Akureyri er þéttbýlasti byggðakjarni landsins sem meginflutningskerfið fer um og telur Akureyrarbær sérlega mikilvægt að áhersla sé lögð á kosti jarðstrengja innan og í nágrenni við skilgreind þéttbýlismörk sveitarfélaga“. Sú Aðalskipulagstillaga sem hér er fjallað um fer þvert á stefnu stjórnvalda um flutningskerfi raforku þar sem skýrt er kveðið á um að raflínur skulu vera í jörð í þéttbýli óháð kostnaði við slíka framkvæmd. Hún fer einnig í berhögg við umsögn og vilja Akureyrarbæjar eins og hann kom fram í umsögn þeirri sem vísað er í að ofan. Á kynningarfundum um Aðalskipulagsbreytinguna sem haldinn var í Giljaskóla 10. apríl 2024 fór fulltrúi Landsnets með rangt mál í framsögu og sagði lagningu Blöndulínu 3 í þéttbýli á Akureyri tæknilega ómögulega. Síðar á fundinum kom í ljós að þessi fullyrðing var röng og kom fram frá öðrum aðila frá Landsneti að lagningin væri vissulega tæknilega möguleg en Landnet vildi frekar gera annað, þ.e. nýta mögulega rýmd í kerfinu til að setja aðrar og spennuminni lagnir í jörð. Við gerum alvarlegar athugasemdir við framsetningu sem þessa og förum fram á að farið sé að stefnu stjórnvalda og eftir gildandi Aðalskipulagi Akureyrar og lögnin sett í jörð. Ljóst er að bæði sjón- og hljóðmengun af 220kV lögn er af allt annarri stærðargráðu heldur en línunum á lægri spennustigum sem ekki liggja um þéttbýli. Skilningi Landsnets á skyldum sínum virðist vera nokkuð ábótavant hvað þetta varðar sé miðað við þá beiðni um breytingu á Aðalskipulagi sem fyrir liggur.</p>	<p>skilgreiningu á þéttbýli í 2. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.</p> <p>Hluti af tæknilegum forsendum þess að hægt sé að leggja raflínur sem jarðstrengi eru rekstrarlegir þættir. Þetta gildir bæði í venjulegum rekstri sem og í truflanatilvikum. Við mat á því hvort tæknilega sé unnt að leggja raflínur í jörð verður að huga að nokkrum þáttum en þar er kerfisstyrkur á viðkomandi svæði og spennustig fyrirhugaðrar strenglagnar aðalatriðið. Svigrúmið til jarðstrengslagna við Rangárvelli er mjög takmarkað þar sem kerfisstyrkur er tiltölulega lágur og við höfum nú þegar lagt um 10 km langan 220 kV jarðstreng í Hólasandslínu 3 og annan 10 km langan streng í Kröflulínu 1. Þessir strengir hafa valdið víðtækum áskorunum í rekstri flutningskerfisins á Norðurlandi og gert það að verkum að við erum á mörkum þess að geta tryggt gæði rafmagns með þeim hætti sem okkur ber að gera m.a. samkvæmt raforkulögum. Rekstraröryggi flutningskerfisins er afar mikilvægt og við þurfum að geta rekið kerfið við ýmsar aðstæður án þess að það komi niður á gæðum rafmagnsins og afhendingaröryggi.</p> <p>Eins og staðan er í dag er því ekki svigrúm fyrir frekari 220 kV jarðstrengslagnir í Eyjafirðinum en með frekari styrkingu raforkukerfisins, s.s. með tengingum milli landssvæða og nýjum virkjunum, mun svigrúmið að öllum líkindum aukast. Því er nú gert ráð fyrir Blöndulínu 3 sem loftlínu alla leið milli Blöndustöðvar og Rangárvalla, en þó er gert ráð fyrir að loftlína næst Rangárvöllum sé tímabundin lausn og eigum við í góðu samtali við Akureyrarbæ um að þegar búið er að</p>
--	---	---

		<p>styrkja kerfið og íbúabyggð hefur þróast í átt að línun sé mögulegt að setja hana í jörðu næst Akureyri. Ákvörðun um frekari jarðstrengslagnir verður þó aldrei tekin nema að undangenginni ítarlegri greiningu á tæknilegu svigrúmi.</p>
	<p>2. Áhrif á verðgildi fasteigna Við útreikning fasteignamats er tekið tillit að ýmissa þátt vaðandi viðkomandi fasteign og er vægi þeirra þátta sett fram í Fasteignamatsskýrslu (https://fasteignaskra.is/fasteignir/fasteignamat/2024/) Húsnæðis og mannvirkjastofnunar (HMS) ár hvert. Þar kemur fram að við gerð fasteignamats sumarhúsa er tekið tillit fjarlægðar sumarhúss frá háspennulínunum sem eru yfir 132 kV og er staðsetning innan við 1000m frá línu metin til lækkunar, mismikil eftir fjarlægð. Samkvæmt HMS er ástæða þess að ekki er sambærilegur stuðull í mati á íbúðarhúsnæði með fastri búsetu sú að ekki er gert ráð fyrir að línur á þessu spennustigi séu innan við 1000m frá slíku húsnæði. Ef vildi svo illa til að íbúðarhúsnæði væri staðsett innan við 1000m frá +132 kV línu væri eðlilegt að sambærilegur stuðull væri í mati en hann þó þannig að verðfall væri meira enda um fasta búsetu að ræða. Í samtali við sérfræðing hjá HMS kom fram að það sæist greinilega á kaupsamningum fasteigna að verð per fm lækkaði markvert eftir nálægð við háspennulínur. Í Hafnarfirði voru háspennulínur fyrir og hefur byggð smám saman færst nær þeim á undanförunum áratugum. Í þessari skipulagsbreytingu á að leggja háspennulínu í þéttbýli sem fyrir er og þar með verðfella allar eignir. Nær allt Giljahverfi og stærstur hluti fyrirhugaðs Móahverfis er innan 1000m frá fyrirhuguðu línustæði Blöndulínu 3, sjá mynd:</p>	<p>Ekki er til greining fyrir íbúðarhús heldur einungis sumarhús.</p>

	<p>Ef miðað er við reiknireglu HMS vegna sumarhúsa er verðfall vegna nálægðar við +132 kV línu 14% í 250m fjarlægð, 10% í 500m fjarlægð og 5% í 750m fjarlægð. Það má því ætla að lækkun á fasteignamati í Giljahverfi væri mjög veruleg auk þess sem fasteignamat í nýju Móahverfi væri undir væntingum. Eðlilegt væri að skoða í þessu sambandi vænt tekjutap Akureyrarbæjar og kostnað við að bæta fasteignaeigendum þá eignaupptöku sem myndi felast í línulögninni þegar kostir varðandi framkvæmdina eru metnir. Rétt er að taka fram að tölur að ofan miðast við stuðul sumarhúsa, stuðull vegna íbúðarhúsa myndi valda meiri lækkun fasteignamats og þannig meiri áhrifum. Allt hesthúsahverfið er jafnframt innan við 500m frá fyrirhuguðu línustæði. Undirritaðir fasteignaeigendur í Giljahverfi gera alvarlegar athugasemdir við tillöguna á grundvelli rýrnunar eigna þeirra auk áhrifa á fjárhag Akureyrarbæjar vegna tekjutaps og fyrirsjáanlegra bótakrafna.</p>	
	<p>3. Framtíðar notkun Græna trefilsins vestan Gilja- og Móahverfis Lagning 220 kV loftlínu í stað jarðstrengs skerðir mjög framtíðar nýtingarmöguleika svæðisins vestan Gilja- og Móahverfis sem útivistarsvæðis og frekari uppbyggingar íbúða- eða frístundahúsnæðis á svæðinu þar sem áhrifasvæði jarðstrengs er mun minna en loftlínu. Undirritaðir gera athugasemdir við ráðstöfun framtíðar útivistarsvæðis undir helgunarsvæði 220 kV loftlínu.</p>	
	<p>4. Niðurfelling á iðnaðarsvæði I16 fyrir tengivirki í landi Kífsár og helgunarsvæði því tengd. Í gildandi Aðalskipulagi er gert ráð fyrir loftlínu að I16 og leið fyrir jarðstreng að Rangárvöllum. Sú leið samrýmist stefnu stjórnvalda um flutningskerfi raforku um þéttbýli og mótmæla undirritaðir því að svæðið og helgunarsvæði lagna að því sé felld niður og þar með möguleikar á þeirri lagnaleið fyrir Blöndulínu 3.</p>	

	<p>Akureyri hefur nokkra sérstöðu hvað varðar flutningskerfi raforku. Akureyri er eina þéttbýlið á leið 132 kV byggðalínuhings frá Sigöldu til Hvalfjarðar og einnig eina þéttbýlið á leið nýrrar 220 kV tengingar frá Fljótsdalsvirkjun til Hvalfjarðar. Þegar horft er til þessa og stefnu stjórnvalda um flutningskerfi raforku er vandséð annað en að jarðstrengir innan þéttbýlismarka Akureyrar séu forgangsmál. Undirritaðir leggja áherslu á að frá sjálfsögðum kröfum Akureyrarbæjar sem settar voru fram í fyrrgreindu álit frá 2014 verði ekki hvikað og engar breytingar gerðar á Aðalskipulagi nema tryggt sé að engar nýjar loftlínur verði reistar við þéttbýli. Undirritað af eigendum 206 (27%) íbúða í Giljahverfi. Samkvæmt HMS er fjöldi íbúða í Giljahverfi 755 og heildar fasteignamat eignanna 44.480 miljónir.</p>	
<p>10. Kristján V. Kristjánsson</p>	<p>Góða kvöldið</p> <p>Langar að senda inn mótmæli vegna Blöndulínu 3 sem á að koma fyrir ofan hverfið mitt Giljahverfi.</p> <p>Ég er á móti þessu að það liggi 220kV loftlína hérna í sjónlinu fyrir ofan okkur. Þetta rýrir fasteignaverð hjá okkur sem kaupum dýrum dómi hérna efst í Giljahverfi.</p> <p>Þess eru mý mörg dæmi að jarðstrengur sé notaður til að koma loftlínu út úr bænum. Ber að nefna Hólasandslínu sem undirritaður vann við fyrir 3 árum. Og ég hlusta ekki á veik rök Landsnets að það sé erfiðara að finna bilanir á jarðstreng, það er kjaftæði, ég vinn við þetta, þeir eiga tæki sem mæla fjarlægð á bilun í jörðu.</p> <p>Ætli sé ekki svona 80% minni líkur á að jarstrengur bili frekar en loftlína.</p>	

	<p>Auðvita er dýrara að setja streng í jörð, en mér er bara nokk sama, það er verið að byggja þetta til næstu 60 ára hið minnsta.</p> <p>Ég áskil mér þann rétt að fara í skaðabótamál við bæinn ef verðmæti fasteignar minnar rýrnar ef af þessu verður með loftlínuna. Fordæmi eru fyrir háum skaðabótum í svona málum.</p> <p>Endilega hlustið á íbúa í Giljahverfi</p>	
11. Umhverfisstofnun	<p>Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar er barst 4. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018- 2030 vegna Blöndulínu 3. Í greinargerð kemur fram breytingin er vegna áforma Landsnets um framkvæmd við Blöndulínu 3, 220 kV háspennulínu frá Blöndustöð að Rangárvöllum á Akureyri. Auk þess kemur fram að breyting á aðalskipulaginu gengur út á að fellt er út iðnaðarsvæði I16 fyrir tengivirki raforku í landi Kífsár, legu helgunarsvæðis loftlínu frá sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit að iðnaðarsvæði við Kífsá er breytt, breyta mörkum skógræktar- og landgræðslusvæði SL7 (Græna treflinum), svæði sem nú er skilgreint sem iðnaðarsvæði I16 verði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði SL7 og að loftlínurnar Rangárvallalína 1 og Dalvíkurlína 1 fá þá skilgreiningu að þær muni víkja á skipulagstímabilinu (2018-2030). Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofnagreiða breytingu og gerir ekki athugasemdir við hana.</p>	Ekki þörf á viðbrögðum
12. Víðir Gíslason	<p>1. Í skipulagslýsingu er skýrt afmörkuð línuleið á mynd 1, sem liggur yfir hátt klettabelti austan Lónsár. Landfræðilegar aðstæður leyfa ekki lögn jarðstrengs í þessu línustæði. Fullyrt er í skipulagslýsingu að ekki hafi verið tekin afstaða til jarðstrengs eða loftlínu. Með því að einskorða þessa línuleið</p>	

	<p>um klettabeltið er ljóst að eingöngu verður um loftlínu að ræða.</p>	
	<p>2. Fella á út iðnaðarsvæði I16 fyrir tengivirki raforku í landi Kífsár. Því fylgir hinsvegar jarðstrengsleið frá Rangárvöllum upp fyrir Lögmannshlíðarveg. Þetta er kjörin leið fyrir jarðstreng til nýtingar í BL-3, enda samkvæmt tillögu Landsnets frá 2011. Lagt er til að strengleiðin haldi sér á aðalskipulagi upp fyrir Lögmannshlíðarveg að mögulegu strengendamastri í landi Kífsár. Sjá mynd í viðhengi.</p> 	<p>Mögulega er þetta góður kostur fyrir jarðstreng í framtíðinni. Óski Akureyri eftir að þessi kostur sé skoðaður mun Landsnet skoða hann</p>
	<p>3. Ef tillaga Landsnets um loftlínu að Rangárvöllum verður samþykkt, er lagður til sá fyrirvari að línan frá Lögmannshlíðarvegi að Rangárvöllum fái bráðabirgðastöðuleyfi, svipað og nýrri Hamraneslínurnar í Hafnarfirði, þar til 220 kV tenging er komin frá Hvalfirði.</p>	
	<p>4. Í kafla 4 um áhrifamat er álit Skipulagsstofnunar nefnt. Vert er að ítreka mat hennar vegna mismunandi áhrifa loftlínu og jarðstrengs við þéttbýli. Þar segir: “ Skipulagsstofnun telur ljóst að loftlína innan þéttbýlismarka bæjarins og í allmikilli nálægð við íbúðarhverfi komi til með að vera mjög sýnileg í landslaginu rétt ofan byggðarinnar og hafa þannig neikvæð sjónræn áhrif á mjög marga einstaklinga og þ.a.l. talsvert neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Lagning jarðstrengs innan</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu Blöndulínu 3 kemur það fram af hálfu Landsnets, þar sem fjallað er um samanburð jarðstrengsvalkosta á móti loftlínukostum að sjónrænt áhrifasvæði loftlína sé meira en af jarðstreng. Þá er í kafla um landslag og ásýnd, auk ásýndarmynda sem sýna ásýndarbreytingar innan Akureyrar greint frá nálægð mannvirkja frá þéttbýli Akureyrar. Landsnet var því meðvitað um framangreint við ákvörðun um</p>

	<p>þéttbýlismarka kæmi til með að draga staðbundið verulega úr þessum neikvæðu áhrifum á ásýnd.</p> <p>5. Einnig segir: ...”stofnunin telur að með lagningu jarðstrengs C1/C2j6 megi draga staðbundið úr sýnileika línunnar næst Akureyri og þar með úr neikvæðum sjónrænum áhrifum á þá sem stunda útivist í og við þéttbýlið sem og íbúa á Akureyri.”</p> <p>6. Til viðbótar: “Þá telur Skipulagsstofnun ljóst að jarðstrengur skv. valkosti C1/2j6 innan þéttbýlismarkna Akureyrar myndi staðbundið hafa mun minni áhrif á ásýnd og síður takmarka möguleika bæjarfélagsins á að skipuleggja íbúðarbyggð á og við áhrifasvæði línunnar.”</p>	<p>aðalvalkost línunnar og eru upplýsingar í umhverfismatinu því í samhljómi við það sem segir í álitum Skipulagsstofnunar. Hins vegar er í umhverfismatinu jafnframt bent á að innan þess svæðis sem Blöndulína 3 fer um, innan þéttbýlismarkna Akureyrar, er belti þar sem nú þegar eru nokkrar loftlínur. Þær eru allar af lægri spennu en fyrirhuguð Blöndulína 3 og meiri möguleikar á að leggja þær á lengri köflum í jörðu en Blöndulínu 3. Tilkoma Blöndulínu 3, sem loftlínu á þessum kafla skapar því tækifæri til að leggja núverandi lágspennntari línur í jörðu og til lengri tíma litið mun draga úr staðbundnum sjónrænum samlegðaráhrifum raflína á svæðinu, í nágrenni við þéttbýlið og útivistarsvæði.</p>
	<p>7. Í kafla um kynningu og samráð er hverfisnefnd Giljahverfis nefnd sem samráðsaðili. Þar sem sú nefnd er nýlega aflögð vaknar spurning um hver verði formlegur fulltrúi næstu nágretta mannvirkisins. Munu íbúar hafa aðkomu að samtali Landsnets og Akureyrarbæjar?</p>	
	<p>8. Stefna stjórnvalda um flutningskerfi raforku heimilna Landsneti að nýta jarðstrengi í nýjum flutningslínunum, þrátt fyrir að kosturinn sé etv. dýrari en loftlína. Það gildir t.d. um meginflutningskerfi innan þéttbýlismarkna, líkt og við Akureyri. Ef Akureyrarbær samþykkir línuleiðina óbreytta og gefur þar með frá sér jarðstrengslögn, þá fellur einnig framangreint heimildarákvæði Landsnets úr gildi.</p> <p>9. Það sem við tekur eru reglur Landsnets um kostnaðarskiptingu við færslu loftlínu í jarðstreng. Sjá viðhengi. Fyrstu 10 árin þarf Akureyrarbær sem verkbeiðandi að greiða kostnað við breytingu að fullu, sem lækkar síðan út afskriftatíma.</p>	<p>Í meginflutningskerfinu, sem Blöndulína 3 tilheyrir, er meginreglan sú að notast skuli við loftlínur nema í undantekningartilvikum að því gefnu að það sé tæknilega mögulegt. Skilyrði til að leggja jarðstreng næst Rangárvöllum er ekki til staðar og því er gert ráð fyrir að loftlína verði lögð á umræddu svæði. Loftlínan er tímabundin lausn og gott samtal og viðræður eru við Akureyrarbæ varðandi forsendur sem þurfa annars vegar að vera til staðar svo mögulegt sé að setja hana í jörðu næst Akureyri og hins vegar svo ekki falli kostnaður á Akureyrarbæ. Það er í samræmi við</p>

		verklag og viðræður Landsnets við sveitarfélög í tengslum við færslu loftlínu í jarðstreng.
13. Eyjafjarðarsveit	Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti á fundi sínum þann 20. febrúar sl. að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Blöndulínu 3 og að hún yrði kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er til komin vegna áforma Landsnets um framkvæmd við Blöndulínu 3, 220 kV háspennulínu frá Blöndustöð að Rangárvöllum á Akureyri. Óskað er umsagnar Eyjafjarðarsveitar um skipulagslýsinguna og er umsagnarfrestur til 25. apríl 2024.	
14. Ólafur Kjartansson	<p>Athugasemd: Upphaf þessa máls virðis vera vegna þess að Landsnet er ekki viljugt til að fylgja gildandi aðalskipulagi Akureyrarbæjar, þar sem gert er ráð fyrir að 220 kV loftlína milli Akureyrar (tengivirkis á Rangárvöllum) og Blönduvirkjunar. Verði farið að óskum Landsnets mun það skerða nýtanlegt byggingarland innan Akureyrarbæjar og þar að auki hafa neikvæð áhrif á þá byggð sem stendur nærri loftlínunni. Það er viðurkennt hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) að nálægð við háspennuloftlínur sem eru með 132 kV spennu eða hærra, skerðir verðmæti sumarhúsa. Reiknilíkan HMS sem gildir fyrir sumarhús metur þessa verðfellingu í allt að 1 km fjarlægð frá þessum loftlínunum. Sjá kafla 5.4 í skýrslunni: Fasteignamat 2023, útgefin af HMS, des. 2022 (https://hms-web.cdn.prismic.io/hms-web/73e3a31e-6817-4feb-acd6-60bc1b12c9fe_Fasteigna_matssk%C3%BDrsla+2022.pdf).</p> <p>Áhrifin á byggð í þéttbýli eru ekki reiknuð á sama veg enda ætti ekki að þurfa þess ef farið væri eftir ákvörðun stjórnvalda um háspennulagnir í og við þéttbýli sbr. þingsályktun um þetta sem samþykkt var fyrir hálfum áratug.</p>	<p>Reiknilíkan HMS varðandi sumarhús á ekki við um íbúðarhús.</p> <p>Einnig má benda á það að í dag er 132kV lína nú þegar til staðar og hefur verið frá því að hverfið var byggt. Frá því að umhverfismatsferli Blöndulínu 3 fór af stað aftur nú síðast bættist sú mótvægisáðgerð við að hægt væri að taka niður Rangárvallalínu 1 sem er núverandi 132kV loftlína innan Akureyrar. Verður sú lína rifin innan þriggja ára frá því að Blöndulína 3 verður tekin í rekstur.</p> <p>Sjá einnig svar að ofan við lið 12 hér að ofan.</p> <p>Benda má á að Skagafjörður fékk óháðan aðila til að gera mat á mögulegum strenglengdum í Blöndulínu 3: https://www.skagafjordur.is/static/files/Skipulagsmal/2023/greinargerd-skagafjordur.pdf</p> <p>Mögulega eru þetta góðir kostir fyrir jarðstreng í framtíðinni. Óski Akureyri eftir að þessir kostir sé skoðaðir mun Landsnet skoða þá.</p>

	<p>Landsnet kynnti þessa ætlan sína á fundi í Giljaskóla í aprílbyrjun 2024 þar sem ég skildi orð verkefnastjóra þessa verkefnis hjá Landsneti á þá leið að jarðstrengur síðustu 2.5 km línunnar Akureyrarmegin væri ekki tæknilega mögulegur og Landsnet gerð þess vegna ráð fyrir engum jarðstreng heldur loftlínu alla leið. Þetta stangast á við þær upplýsingar sem ég fékk seinna, annars staðar frá, sem segir að hönnun á búnaðinum á Rangárvöllum er með streng frá rofa í rofahúsi út fyrir girðingu og loftlínuendinn yrði utan girðingar. Á nefndum fundi komu ekki fram gögn um það hvers vegna ekki væri hægt að nota jarðstreng í landi Akureyrarbæjar fyrir en lokið væri styrkingu kerfisins milli Akureyrar og Grundartanga. Þegar tæknistjóri hjá Landsneti var spurð um það hvernig það myndi birtast ef þessi umtalaði jarðstrengskaflir yrði í kerfinu kom það fram að “það yrði erfitt” í vissum tilfellum að spennusetja kerfið eftir útslátt. Mér finnst allnokkur munur á því sem er erfitt annars vegar og hins vegar þess sem er ekki mögulegt. Í samhengi við stöðu málsins í dag og tregðu Landsnets til að fylgja settri stefnu stjórnvalda og aðalskipulagi sem er í samræmi við þá stefnu, er hér sett fram eftirfarandi tillaga.</p> <p>Tillagan: Núverandi skipulagi verði breytt á þann veg að ákveðið yrði strax hvar endastæða í 220 kV loftlínu, Blöndulínu 3 verði staðsettur til framtíðar litið, t.d. á þeim stað sem er merktur sem iðnaðarsvæði í landi Kífsár á gildandi skipulagi. Ef sá staður verður ekki fyrir valinu verði þess gætt að Loftlínuendinn verði ekki staðsettur neðar í landinu en iðnaðarsvæðið sem er í Kífsárlandi á núgildandi skipulagi.</p> <p>Iðnaðarsvæðið sem slíkt yrði ekki lengur á skipulaginu. Frá fyrirhuguðum framtíðarenda Blöndulínu 3 verði ákveðin og tekin frá leið fyrir jarðstreng að tengivirkinu á Rangárvöllum,</p>	<p>Í raforkulögum er m.a. fjallað um hlutverk okkar hjá Landsneti við uppbyggingu flutningskerfisins og er þar vísað til stefnu stjórnvalda um uppbyggingu kerfisins. Þar kemur fram að í meginflutningskerfinu, sem Blöndulína 3 tilheyrir, sé meginreglan sú að notast skuli við loftlínur nema í nokkrum undantekningartilvikum eigi að meta hvort æskilegra sé að leggja jarðstrengi að því gefnu að það sé tæknilega mögulegt.</p> <p>Hluti af tæknilegum forsendum þess að hægt sé að leggja raflínur sem jarðstrengi eru rekstrarlegir þættir. Þetta gildir bæði í venjulegum rekstri sem og í truflanartilvikum. Við mat á því hvort tæknilega sé unnt að leggja raflínur í jörð verður að huga að nokkrum þáttum en þar er kerfisstyrkur á viðkomandi svæði og spennustig fyrirhugaðrar strenglagnar aðalatriðið. Svigrúmið til jarðstrengslagna við Rangárvelli er mjög takmarkað þar sem kerfisstyrkur er tiltölulega lágur og við höfum nú þegar lagt um 10 km langan 220 kV jarðstreng í Hólasandslínu 3 og annan 10 km langan streng í Kröflulínu 1. Þessir strengir hafa valdið víðtækum áskorunum í rekstri flutningskerfisins á Norðurlandi og gert það að verkum að við erum á mörkum þess að geta tryggt gæði rafmagns með þeim hætti sem okkur ber að gera m.a. samkvæmt raforkulögum. Rekstraröryggi flutningskerfisins er afar mikilvægt og við þurfum að geta rekið kerfið við ýmsar aðstæður án þess að það komi niður á gæðum rafmagnsins og afhendingaröryggi.</p> <p>Eins og staðan er í dag er því ekki svigrúm fyrir frekari 220 kV jarðstrengslagnir í Eyjafirðinum en með frekari</p>
--	--	--

	<p>sem yrði lagður í tæka tíð til að vera tilbúin að taka við um leið og kerfið ræður við að jarðstrengurinn verði tekin í rekstur. Matið á því verði rökstutt með álitni óháðs fagaðila sem hefur engra eigin hagsmuna að gæta í þessu máli, hvorki nú né til framtíðar.</p> <p>Ef ekki er framkvæmanlegt að taka jarðstrengshlutann í notkun um leið og aðra hluta Blöndulínu 3 verði Landsneti boðið að fá leið fyrir tengingu með bráðabrigðaloftlínu til að brúa bilið þar til mögulegt verður að taka jarðstrenginn í notkun. Á meðfylgjandi mynd eru tvær tillögur að staðsetningum endastæðu, leiðum fyrir framtíðarjarðstreng og bráðabrigðaloftlínu sem nefnd er í texta hér að framan. Valkostur: Endi N Staðsetning endastæðu í Kífsárlandi. Gulur depill. Valkostur: Endi S Staðsetning endastæðu í upplandi Lögmanshlíðar. Gulur depill. Bláar línur: Jarðstrengsleiðir frá hugsuðum endapunktum að tengivirki á Rangárvöllum, valkostir N og S. Svört lína: Leið fyrir bráðabrigða loftlínu.</p>	<p>styrkingu raforkukerfisins, s.s. með tengingum milli landssvæða og nýjum virkjunum, mun svigrúmið að öllum líkindum aukast. Því er nú gert ráð fyrir Blöndulínu 3 sem loftlínu alla leið milli Blöndustöðvar og Rangárvalla, en þó er gert ráð fyrir að loftlína næst Rangárvöllum sé tímabundin lausn og eigum við í góðu samtali við Akureyrarbæ um að þegar búið er að styrkja kerfið og íbúabyggð hefur þróast í átt að línun sé mögulegt að setja hana í jörðu næst Akureyri. Ákvörðun um frekari jarðstrengslagnir verður þó aldrei tekin nema að undangenginni ítarlegri greiningu á tæknilegu svigrúmi</p>
<p>15. Búseti</p>	<p>Búfesti hsf á 57 íbúðir í Giljahverfi og eru íbúðirnar þar sérstaklega vinsælar af félagsmönnum okkar. Þessar íbúðir virðast allar vera innan við 1000m frá fyrirhuguðu línustæði Blöndulínu 3.</p> <p>Búsetar okkar í þessum íbúðum hafa líst yfir áhyggjum að lagningu 220 kV loflínu í stað jarðstrengs myndi skerða mjög framtíðar nýtingarmöguleika svæðisins vestan Gilja- og Móahverfis sem útivistasvæðis.</p> <p>Félagið spyr sig líka hvort þetta muni mögulega hafa áhrif á verðmæti eignanna þar sem alþekkt er að húsnæði nálægt raflínum og þá sér í lagi stórum raflínum er verðminna en ella Félagði hvetur Akureyrarbæ til að reyna að ná fram ásættanlegri lausn í samstarfi við Landsnet og horfum við þá helst til að Landsnet sjái að sér og leggi jarðstreng hluta af leiðinni eins og Akureyrarbær hefur farið fram á.</p>	

